

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*14. janúar 2015*

**Ágætu foreldrar/forráðamenn.**

Það sem er helst að fréttu er að í gær fóru vinaliðar skólans á miðstigi í vel heppnaða umbunarferð á Sauðárkrók. Þetta var umbun fyrir starfið á önninni sem er að líða og á næstunni verða nýir vinaliðar kosnir.

**Marítafræðsla 19. janúar**

Þriðjudaginn 19. janúar verður Marítafræðsla en það er forvarnarfræðsla og mun Magnús Stefánsson sjá um hana. Er þessi fræðsla ætluð nemendum í 7. til 10. bekk sem og foreldrum þeirra nemenda.

Dagskráin þann dag er á þessa leið:

kl. 8:40 – 10:00 - 7. og 8. bekkur

kl. 10:10 – 11:30 – 9. og 10. bekkur

kl. 20:00 – Foreldrar nemenda í 7.-10. bekk

**Opið hús**

Þriðjudaginn 19. janúar kl. 15:30 – 17:00 verður haldið opið hús fyrir 1. – 6. bekk. Opna húsið verður í skólanum eins og venjulega og það verður mikið fjör og mikið sprellað.

**Skíðaferð**

Skólinn stefnir á að fara í skíðaferð fljótlega eftir 18. janúar. Ekki er búið að negla niður dagsetningu en reynt verður að fara þegar veðurspáin er góð. Er fólki því bent á að athuga með búnað en ferðin verður auglýst þegar að henni kemur.

**Frjálsíþróttakeppni grunnskólanna**

UMSS er búið að endurvekja frjálsíþróttamót grunnskólanna. Yngri hópurinn, 1. -5. bekkur, keppir 21. janúar og farið verður með alla nemendur úr þeim bekkjum í Varmahlíð en eldri hópurinn, 6. – 10. bekkur, keppir 28. janúar á Sauðárkróki. Í eldri hópnum verður keppt í völdum greinum en þá fara einungis þeir sem hafa áhuga og skrá sig til keppni. Báða keppnisdaga er fyrirhugað að byrja kl.12:30 og áætluð mótlok kl.15:00.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*